

**58. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
3. apríl 2017 og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirs dóttir áheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi og Sindri Birgisson garðyrkjustjóri.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurbórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1604011 - Deilisk. - Sementsreitur

Bæjarfulltrúar mættu á fundinn undir þessum lið þar sem fulltrúar frá ASK arkitektum kynna fyrirhugað deiliskipulag.

ASK arkitektum er þökkuð góð kynning.

2. 1701210 - Aðalsk. - Sementsreitur, breyting / íbúafundur

Lögð fram skipulagsgögn.

3. 1602244 - Aðalsk. - Vallholt 5, breyting

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem auglýst var með athugasemdafresti frá 20. janúar til og með 6. mars 2017. Athugasemdir bárust.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi lögð fram að nýju að lokinni auglýsingu ásamt athugasemdum og umsögn sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs um athugasemdir dags. 22. mars 2017.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi umsögn dags. 22. mars 2017 um athugasemdir vegna aðalskipulagsbreytingarinnar með þeim breytingum sem samþykktar voru á fundinum.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að hin auglýsta tillaga að breytingu á aðalskipulagi verði samþykkt með vísan til fyrirliggjandi umsagnar um athugasemdir dags. 22. mars 2017.

4. 1511208 - Deilisk. Ægisbrautar - Vallholt 5

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Ægisbrautar sem auglýst var með athugasemdafresti frá 20. janúar til og með 6. mars 2017. Athugasemdir bárust.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lögð fram að nýju að lokinni auglýsingu ásamt athugasemdum og umsögn sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs um athugasemdir dags 22. mars 2017.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi umsögn dags. 22. mars 2017 um athugasemdir vegna deiliskipulagstillögunnar. Sú breyting er gerð frá auglýstri deiliskipulagstillögu að bílastæðum innan lóðar er fjölgð úr 12 í 16.

*SPH
EIB*

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að hin auglýsta tillaga að breytingu á deiliskipulagi verði samþykkt með vísan til fyrirliggjandi umsagnar um athugasemdir dags. 22. mars 2017.

5. 1703203 - Deilisk. Stofnanareitur - Vesturgata 120 - 130 breyting

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar 28.mars 2017 var samþykkt að fimleikahús yrði staðsett við hlið íþróttahússins á Vesturgötu. Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að setja af stað nauðsynlega skipulagsvinnu m.t.t. fyrirhugaðar staðsetningar fimleikahúss.

6. 1611077 - Framtíðaruppbýgging íþróttamannvirkja - fimleikahús á Akranesi

Athugasemdir frá íbúum við Heiðarbraut 39 og 43 við fyrirhugaða byggingu fimleikahúss við Vesturgötu.

Skipulags- og umhverfisráð vill benda þeim er gera athugasemdir við skipulagsferli vegna staðsetningar á nýju fimleikahúsi við Vesturgötu að skipulagsferlið er ekki hafið. Í skipulagsferli gefst bæjarbúum og öðrum hagsmunaðilum tækifæri til að skila inn athugasemdu.

7. 1702129 - Deilisk. Skógarhverfi 1. áf. - Seljuskógar 6-8

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að heimila kjallara undir hluta hússins.

Breytingin var grenndarkynnt fyrir fasteignaeigendum við Seljuskóga 7, Eikarskóga 1,3,5 og 7 í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslag nr. 123/2010 m.s.br. Grenndarkynningur lauk 24. mars s.l. engar athugasemdir bárust. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagsbreytingin verði samþykkt og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

8. 1702196 - Fagrilundur 9,11,13 og 15 - umsókn um byggingarlóðir

Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemdir að umsækjanda verði úthlutað lóðum við Fagralund 9, 11, 13 og 15.

9. 1703112 - Guðlaug - styrkumsókn 2016 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Bæjarráð fór þess á leit við Skipulags- og umhverfisráð að leggja fram tillögu að breytingu á fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun 2017 m.t.t. þess að farið verði í framkvæmd á heitum potti við Langasand á árinu 2017.

Jafnframt var farið þess á leit að unnin yrði rekstraráætlun með tilkomu mannvirkisins.

Skipulags- og umhverfiráð leggur til að fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2017 verði breytt með eftifarandi hætti:

Fjárfesting vegna rifa á Sementsreit verði 140 millj.kr í stað 165 millj.kr. á árinu 2017.

Fjárfesting í Guðlaugu (heitur pottur við Langasand) verði 25.millj.kr á árinu 2017.

Skipulags- og umhverfisráð vísar jafnframt rekstraráætlun sviðsstjóra um rekstur mannvirkisins til bæjarráðs.

SJH

EB

10. 1310152 - Umferðaröryggisáætlun - starfshópur

Tekið hefur verið tillit til umsagnar Umferðastofu um umferðaröryggisáætlunina og gerir skipulags- og umhverfiráð ekki athugasemdir við þær. Skipulags- og umhverfiráð vísar áætluninni til bæjarstjórnar.

Skipulags- og umhverfiráð þakkar Jóni Ólafssyni verkefnisstjóra fyrir greinargóða áætlun.

11. 1703209 - Sorphirða á Akranesi - útboð 2017

Útboðsgögn lögð fram.

Gögn voru lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.

Einar Bráðnær
Rauð Óscar Ólafsson
Kanitas Jónsdóttir
Valgerður S. Þórhóttir
Kristín Sigurðarsdóttir
Stefán Þór Steinþorsson
Sig. P. H.
Sindri Þorgrímsson
Halldór Sigurðarson